

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum

Bæjarráð Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Ekki er greitt fyrir júlí. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 10 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatryggt.
4. Að fyrir liggji þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og dagvistarfulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

A Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:	
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 40.393	kr. 65.268
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 50.471	kr. 79.903
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 60.270	kr. 93.521
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 71.249	kr. 108.688
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 80.791	kr. 122.418
Fyrir 8,5 stunda vistun	kr. 85.838	kr. 131.653
Fyrir 9,0 stunda vistun	kr. 90.885	kr. 140.888

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 5.049 fyrir hverja hálfu stund.

B Niðurgreiðsla til einstæðra foreldra og foreldra sem eru í fullu námi.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:	
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 48.294	kr. 66.468
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 60.371	kr. 81.058
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 72.291	kr. 95.491
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 84.522	kr. 110.235
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 96.596	kr. 124.821
Fyrir 8,5 stunda vistun	kr. 102.630	kr. 133.368
Fyrir 9 stunda vistun	kr. 108.666	kr. 141.917

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 6.036 fyrir hverja hálfu stund.

Leggja skal fram fjölskylduvottorð í tilviki einstæðra foreldra og námsvottorð skóla í tilviki námsmanna.

Greiðslufjárhæð til einstæðra foreldra og námsmanna er háð tímabundnu ákvæði í Gjaldskrá leikskóla um hækkun á afslætti einstæðra foreldra og námsmanna sem er 40% og gildir til ársloka 2021

Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn í leikskólavist, fá 50% afslátt af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Það á þó ekki við um foreldra sem njóta sérstakrar niðurgreiðslu samkvæmt B – lið.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2021 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarstjórn 19. desember 2020.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar
22. desember 2020*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*